

Alþingi
Erindi nr. P 143/332
komudagur 21.11.2013

Reykjavík 20. nóvember 2013

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10

Efni

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga og reglna er snúa að veitingu rekstrarleyfa fyrir veitingastaði. 97. mál, lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013-2014.

Umsögn

Ráð Femínistafélags Íslands hefur tekið til umsagnar tillögu til þingsályktunar sem snýst um að endurskoða „veitingu rekstrarleyfa fyrir veitingastaði í þeim tilgangi að koma í veg fyrir rekstur veitingastaða sem gera út á nekt starfsfólks og aðgang að því í einkarými, svokallaðra kampavínsstaða“ eins og segir í tillögunni. Femínistafélag Ísland fagnar framkominni tillögu og styður hana heils hugar.

Viðbendingar eru um að mansal og vændi þrífist á „kampavínsstöðum“, og að þar sé seldur aðgangur að líkómum kvenna. Í ljósi þess að núverandi löggjöf gerir sveitarstjórnun erfitt fyrir að stýra því hvaða starfsemi viðgengst þegar tekin er ákvörðun um leyfisveitingar fyrir veitingarekstur, telur Femínistafélagið mjög jákvætt að löggjafinn endurskoði lagaumhverfi í þessum efnunum, svo hægt sé að ná fram markmiðum stefnumála á sviði mannréttinda.

Áframhaldandi rekstur slíkra staða er sérstaklega skaðleg birtingarmynd klámvæðingar sem ógnar kynfrelsi á Íslandi. Kampavínsklúbbar eru ekki aðeins skaðlegir fyrir konurnar sem þar vinna, heldur ala þeir einnig á neikvæðri ímynd karlmennsku sem byggir á niðurlægingu og valdniðslu. Því fagnar Femínistafélag Íslands aðgerðum til að takmarka útbreiðslu þeirra.

Fyrir hönd ráðs Femínistafélags Íslands

Steinunn Rögnvaldsdóttir, talskona
Bjarni Þóroddsson, ráðskona



Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 19. nóvember 2013
1311003 IE

Efni: Umsögn um 97. mál, þált. um veitingu rekstrarleyfa fyrir veitingastaði.

Með tölvubréfi 31. október 2013 óskaði allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn Jafnréttisstofu um þingsályktunartillögu um veitingu rekstrarleyfa fyrir veitingastaði, 97. mál, þskj. 100, lþ. 143.

Jafnréttisstofa tekur undir þingsályktunartillöguna og telur að það sé ástæða til að endurskoða lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem snúa að veitingu rekstrarleyfa fyrir veitingastaði, í þeim tilgangi sem gerð er grein fyrir í þált. og greinargerðinni sem henni fylgir.

Eftir því sem fram hefur komið í fréttum undanfarið virðist vera full ástæða til að endurskoða gildandi lög og reglur varðandi veitingu rekstrarleyfi. Sjá til dæmis frétt RÚV frá 26. október 2013, en hún bar yfirskriftina "Fimm í varðhald og Strawberries lokað". <http://www.ruv.is/frett/fimm-i-varðhald-og-strawberries-lokad> Þessi frétt var um það að fimm manns hefðu verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald, en þeir voru starfsmenn og eigandi skemmtistaðarins "Strawberries" í Reykjavík. Skv. fréttinni voru mennirnir grunaðir um að hafa haft milligöngu um vændi. Þann 16. nóvember 2013 birtist svo frétt hjá RÚV um að lögreglan hafi lokað VIP Club við Austurstræti vegna gruns um að þar hafið verið höfð milliganga um vændi. <http://ruv.is/frett/logreglan-lokar-vip-club-vid-austurstraeti>

Jafnréttisstofa telur rétt að samþykkja þingsályktunartillöguna.

Sé frekari upplýsinga óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaða.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Elíasdóttir
lögfræðingur

Alþingi
Erindi nr. P 143/198
komudagur 13.11.2013



Kópavogsbær

Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími 570 1500
kopavogur.is

Nefndasvið Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Kópavogi, 11. nóvember 2013
1310516/001.01 BH

Efni: Tillaga til þingsályktunar um veitingu rekstrarleyfa fyrir veitingastaði


Á fundi bæjarráðs Kópavogs þann 7. nóvember sl. var lögð fram tillaga til þingsályktunar um veitingu rekstrarleyfa fyrir veitingastaði og var óskað eftir umsögn um málið, 97. mál.

Bæjarráð tekur undir efnisatriði tillögunnar.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Páll Magnússon
bæjarritari



Kvenréttindafélag Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 143/179
komudagur 8.11.2013

Reykjavík, 8. nóvember 2013

Efni: Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga og reglna er snúa að veitingu rekstrarleyfa fyrir veitingastaði, 97. mál.

Kvenréttindafélag Íslands fagnar tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga og reglna er snúa að veitingu rekstrarleyfa fyrir veitingastaði. Félagið tekur heilshugar undir að nauðsynlegt sé að skýra löggjöfina til að koma í veg fyrir rekstur veitingastaða sem gera út á nekt starfsfólks og aðgang að því í einkarými.

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
Reykjavík

Reykjavík, 20. nóvember 2013
1311006/0.1.2/rmj

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga og reglna er snúa að veitingu rekstrarleyfa fyrir veitingastaði.

Embætti landlæknis þakkar veitt tækifæri til umsagnar um ofangreinda þingsályktun. Embættið tekur undir tillöguna og hefur engar athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Geir Gunnlaugsson,
landlæknir



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/144
komudagur 5.11.2013

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. nóvember 2013

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga og reglna er snúa að veitingu rekstrarleyfa fyrir veitingastaði. 143. löggjafarþing 2013 - 2014. Þingskjal nr. 100 – 97. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) hefur fengið ofangreinda þingsályktunartillögu til umsagnar. Markmið með þessari tillögu er að reyna að koma í veg fyrir rekstur staða sem gera út á nekt starfsfólks og fara með því gegn siðgæðisvitund þorra fólks og vinna gegn réttindum kvenna.

MRSÍ fagnar tillögunni og telur fulla þörf á að yfirfara lög og reglur um þessi mál hér á landi. Samkvæmt greinargerð með þingsályktunartillögu þessari og því sem almennt er þekkt um rekstur nektardansstaða er rökstuddur grunur uppi um að í lokuðum rýmum staðanna sé stundað vændi. Þrátt fyrir að einkadans og nekt starfsmanna hafi verið bönnuð með lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, virðist það enn við lýði, líkt og kemur fram í greinargerð með tillögunni, að fáklæddar konur fari inn í lokuð rými með „viðskiptavini“ í þeim tilgangi að spjalla og drekka kampavín.

Í viðbótarbókun (mansalsbókuninni) við samning Sameinuðu þjóðanna gegn alþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi, (Palermó samningurinn frá árinu 2000), er nokkuð ítarleg skilgreining á mansali og hvað í því felst. Það að fá konur og stúlkur hingað til lands í þeim tilgangi að hagnýta þær í kynferðislegum tilgangi (vændi eða á annan hátt) telst mansal ef að sá sem hagnýtir þær gerir það með blekkingum, svikum, hótunum eða með því að nýta sér yfirburðarstöðu sína eða annarra yfir konunum/stúlkunum. Ísland er aðili að þessum samningi og hefur sett ákvæði í almenn hegningarlög, nr. 19/1940, sem leggja refsingu við mansali. Þrátt fyrir að ekki sé sannað að allar konur og stúlkur sem að vinna á slíkum stöðum séu fórnarlömb mansals þá er staðreyndin sú, a.m.k. í löndunum í kringum okkur, að flestar þessara stúlkna búa við slæmar aðstæður í heimalandi sínu og eru blekktar með lofordum um betra líf í öðru landi. Þessar stúlkur eru oftast fluttar til annarra landa þar sem þær eru fjarri vinum og ættingjum, tala jafnvel ekki tungumálið og eru þannig berskjaldaðar fyrir ýmiss konar misnotkun.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Til frekari upplýsingar má greina frá því að fulltrúi MRSÍ sat nýlega fund í Kaupmannahöfn þar sem Iana Mattei, forstöðukona rúmenskra samtaka „Reaching out“ sem aðstoðar börn og unglunga við að losna úr vændi og mansali, greindi frá ýmsum aðferðum sem beitt er í Rúmeníu til að ná tangarhaldi á unglingsstúlkum. Flestar þessara stúlkna koma frá heimilum þar sem þær hafa sætt ofbeldi og vanrækslu eða frá munaðarleysisjaheimilum. Þær eru allt niður í 13-14 ára þegar sjónum er beint að þeim, en algengasta og áhrifaríkasta aðferðin svokölluð „*Lover boy*“ aðferð, sem felst í því að karlmaður gefur sig út fyrir að vera ástfanginn af stúlkunni, ber hana á höndum sér í nokkra mánuði og krefst síðan endurgjalds fyrir öll útgjöld henni tengd. Þannig er stúlkunni gerð upp skuld sem hún þarf að vinna af sér. Því er og við að bæta að stúlkurnar sæta oftast en ekki ofbeldi til þess að tryggja hlýðni þeirra og undirgefni.

MRSÍ hvetur íslensk stjórnvöld til að gera allt sem þau geta til þess að koma í veg fyrir að mansal geti þrífist hér á landi og telur að ofangreind þingsályktunartillaga sé eitt skref í þeirri vegferð.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur



UMSÖGN

Viðtakandi: Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Sendandi: Skrifstofa borgarstjórnar f.h. Reykjavíkurborgar

Umsögn um tillögu til þingsályktunar, veiting rekstrarleyfa fyrir veitingastaði, 97. mál.

Þann 31. október 2013 óskaði nefndasvið Alþingis f.h. allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um veitingu rekstrarleyfa fyrir veitingastaði, 97. mál. Tillagan er eftirfarandi: Alþingi ályktar að fela iðnaðar- og viðskiptaráðherra að taka til endurskoðunar lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem snúa að veitingu rekstrarleyfa fyrir veitingastaði í þeim tilgangi að koma í veg fyrir rekstur veitingastaða sem gera út á nekt starfsfólks og aðgang að því í einkarými, svokallaðra kampavínsstaða. Ráðherra greini Alþingi frá tillögum sínum eigi síðar en 1. apríl 2014.

Umsögn:

Reykjavíkurborg tekur undir það sjónarmið sem birtist í tillögu til þingsályktunar og þeim rökstuðningi sem fyrir liggur í greinargerð. Í Reykjavík er að finna veitingastaði sem falla í flokk III, sem umfangsmiklir áfengisveitingastaðir með opnunartíma fram á nótt þar sem starfsemi flokkast undir að vera kampavínsstaðir. Til reksturs veitingastaða þarf rekstrarleyfi skv. 7. gr. laga nr. 85/2007, nánari skilyrði er að finna í 8. gr. laganna sem og í reglugerð nr. 585/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, en þar kemur einnig fram að áður en veitt er leyfi til reksturs veitingastaðar þurfa að liggja fyrir jákvæðar umsagnir frá þeim aðilum sem taldir eru upp í 4. mgr. 10. gr. laganna. Þar kemur m.a. fram að leita skuli umsagnar sveitarstjórnar sem m.a. staðfestir að afgreiðslutími og staðsetning veitingastaðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um, og að leita skuli umsagnar lögreglu sem m.a. kveður á um nauðsyn til dyravörslu. Um bindandi umsögn er að ræða sem þýðir að ef einhver umsagnaraðila skv. 10. gr. laganna mælir gegn veitingu rekstrarleyfis er óheimilt að veita leyfið. Þó svo fram komi í skýringum við ákvæðið í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 85/2007 að ekki sé um tæmandi upptalningu á atriðum sem umsagnaraðilar geta horft til og veitt umsögn sína um er þó ljóst af nýlegum úrskurðum innanríkisráðuneytisins og er þá sérstaklega vísað til þeirra er vörðuðu rekstur veitingastaðanna Monte Carlo og Mónakó, að hendur umsagnaraðila eru að töluverðu leyti bundnar við að veita umsagnir um þau atriði sem sérstaklega eru tekin fram í lögnum og hefur sérstaklega verið tekið fram að einn umsagnaraðili má ekki fara inn á svið annars. Af þessu leiðir t.d. að Reykjavíkurborg getur ekki látið mannréttindastefnu sína liggja til grundvallar umsögn sinni né vísað til atriða sem byggja á málaskrá lögreglu í umsögn

sinni. Er því tekið undir nauðsyn þess að skilgreina verksvið og umfjöllunarefni hvers og eins umsagnaraðila til að unnt verði að koma í veg fyrir ólögmeta starfsemi í skjóli gildandi rekstrarleyfis.

Helga B. Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Alþingi
Erindi nr. P 143/129
komudagur 4.11.2013



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík 4. nóvember 2013

Efni: Þingsályktunartillaga um endurskoðun laga og reglna er snúa að veitingu rekstrarleyfa fyrir veitingastaði.

Samtök ferðaþjónustunnar benda á að það er þessa dagana verið að skipa vinnuhóp í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu og verður verkefni hans að endurskoða lög um veitinga- gististaði og skemmtanahald. Þar munu þessi mál verða til umræðu ásamt öðrum. Samtök ferðaþjónustunnar eiga fulltrúa í vinnuhópnum.

Virðingarfyllst
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri